

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vatnsveituvegur 50.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 18. febrúar 2015, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, vegna lóðarinnar nr. 50 við Vatnsveituveg. Í breytingunni felst afmörkun lóðar fyrir dælustöð Orkuveitunnar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tryggvagata 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 16. janúar 2015 breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 13 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verði að fara út fyrir byggingarreit með svalir/útsýnisglugga og að kvöð er felld niður um inndregna 1. hæð/jarðhæð að norðaustanverðu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. febrúar 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015